

Fundargerð 9. fundar stjórnar SSÍ 2011-2013 miðvikudaginn 12. október 2011

Mættir: Hörður J. Oddfríðarson formaður, Hlín Ástþórsdóttir varaformaður, Bjarney Snævarsdóttir gjaldkeri, Ólafur Baldursson ritari, Karen Malmquist, Jón Oddur Sigurðsson, Ingi Þór Ágústsson, Ragnar Marteinnsson og Ingibjörg Helga Arnardóttir skrifstofustjóri.

Stjórnarmaður Heimir Örn Sveinsson hefur óskað lausnar frá störfum í stjórn SSÍ vegna anna við önnur störf.

Fundur settur kl. 17:30

1. Fundargerðir til staðfestingar

- I. 7 fundur stjórnar dags. 17/8 2011
- II. 8 fundur stjórnar dags. 10/9 2011
- III. 8 fundur framkvæmdaráðs dags 29/8 2011
- IV. 9 fundur framkvæmdaráðs dags 26/9 2011
- V. 10 fundur framkvæmdaráðs dags 28/9 2011

Staðfestar – fundargerðir stjórnar verða settar á vef SSÍ

2. Félagaskipti

Nafn:	Fyrra félag:	Nýtt félag:	Dags.mót.:	Tekur gildi:
Róbert Emil Aronsson	Sf.ÍBV	SH	23.09.2011	22.10.2011
Jón Ingi Sigurðsson	UMSB	ÍA	10.10.2011	08.11.2011

3. Staðfesting meta

25 metra laug

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
Sveinar:					
200m flugsund	Ólafur Sigurðsson	SH	2:39.53	24.09.2011	Reykjavík
Telpur:					
200m bringusund	Ólöf Edda Eðvarðsdóttir	ÍRB	2:37,53	08.10.2011	Færeyjar
Konur:					
200m flugsund	Inga Elín Cryer	ÍA	2:17,97	26.06.2011	Akureyri
400m skriðsund	Inga Elín Cryer	ÍA	4:15,13	08.10.2011	Færeyjar

50 metra laug

Telpur:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
200m flugsund	Ólöf Edda Eðvarðsdóttir	ÍRB	2:24.80	29.07.2011	Trabzon

4. Staðfesting á Víðavatnssundi

I. Viðeyjarsund

Nafn:	Dags.	Sjávarhiti	Sundtími	Hjálpargögn
Birna Hrönn Sigurjónsdóttir	12.08.2011	13,7°C	1:37,00	Nei
Kristbjörg Rán Valgarðsdóttir	12.08.2011	13,7°C	3:02,00	Nei
Ragnheiður Valgarðsdóttir	12.08.2011	13,7°C	2:08,00	Nei

Skrifstofa SSÍ útbýr viðurkenningarskjöl og sendir þeim

5. Óafgreidd bréf

Dags:	Efni:	Sent frá
18.07. 2011	Teaching material	LEN
22.09.2011	Memorandum	Fina
10.10.2011	European Water Polo EURO CUP 2011-2012	LEN
12.10.2011	Athugun með sameiginlega fyrirlestra	Þórunn Erlingsd

6. Tillögur sem liggja fyrir fundinum

- I. Tillaga um keppendur á NMU

Fundargerð 9. fundar stjórnar SSÍ 2011-2013 miðvikudaginn 12. október 2011

i. Þeir sem hafa aldur til að keppa á NMU á Íslandi keppi þar en ekki á EM25
Frestað – framkvæmdaráði falið að ræða við þjálfararáð. Afgreitt með netpósti.

II. Fararstjóranámskeið

i. Tillaga að halda fararstjóranámskeið í aðdraganda NMU og EM25
Samþykkt – framkvæmdaráði falið að finna helgi og auglýsa

III. Tillaga um greinaröðun á ÍM25 2011

- i. Gert ráð fyrir að í stað 4x50 skrið verði **4x200 skrið** og í stað 4x50 fjór verði **4x100 fjór** enda eru það Ólympíugreinar.
- ii. Einnig gert ráð fyrir að flytja 200 metra baksund af sunnudegi og á föstudag til að jafna greinar betur á daga auk þess sem 200 m baksund á betur heima á föstudegi.

Samþykkt – sent til félaga og óskað eftir athugasemdum. Framkvæmdaráð afgreiðir og kynnir endanlega fyrir þriðjudaginn 18 október.

IV. Tillaga um greinaröðun á ÍM50 2012

- i. Þrjár tillögur til umræðu
- ii. Fyrsta tillagan er líkust því sem var á síðasta vetri og tekur 3 og hálfan dag
- iii. Í annarri tillögunni er röð einstaklingsgreina sú sama og á EM50 sett niður á 3 og hálfan dag
- iv. Í þriðju tillögunni er röð einstaklingsgreina sú sama og á EM50 sett á fjóra daga

Þriðja tillaga samþykkt. Óskað eftir umsögnum þjálfara.

V. Tillaga um Atburðadagatal SSÍ 2012 – 2013

- i. Meginbreyting er sú að SSÍ setur mót á þrjár helgar í aðdraganda ÍM25 og fjórar helgar í aðdraganda ÍM50. Einnig verða sett tvö mót til viðbótar í aðdraganda AMÍ og skal amk annað þeirra vera í 50 metra laug
- ii. Þessi mót verði á sama staðli og Íslandsmeistaramótin, hvað varðar umgjörð og dómgæslu
- iii. Önnur mót þarf að tilkynna með minnst 3 vikna fyrirvara til að hægt sé að viðurkenna þau sem lágmarkamót fyrir meistaramót, en þau geta ekki verið lágmarkamót fyrir landsliðsverkefni
- iv. Að jafnaði þarf sundfólk að taka þátt í að minnsta kosti einu þessara móta til að öðlast keppnisrétt á ÍM25/50
- v. Lágmarkum í erlend (landliðs)verkefni eingöngu hægt að ná á þessum mótum auk meistaramóta SSÍ
- vi. Þátttaka sundfólks á ÍM25/50 verði að jafnaði skilyrði til að geta tekið þátt í landsliðsverkefnum

Samþykkt stefna SSÍ til kynningar fyrir félög og þjálfara

VI. Tillaga um Mótaröð SSÍ / Íslandsmeistara félagsliða

- i. Íslandsmeistari félaga í karla- og kvennaflokkum verði krýndir í lok AMÍ á hverju ári þegar mótaröð SSÍ lýkur
- ii. Tveir stigahæstu karlar og tvær stigahæstu konur taka stig fyrir sitt félag á hverju móti
- iii. Mótin sem um ræðir eru ÍM50 og ÍM25, AMÍ, þrjú mót í aðdraganda ÍM25, fjögur mót í aðdraganda ÍM50 og tvö mót í aðdraganda AMÍ
- iv. Notast verði við einn af eftirtöldum möguleikum til að fá úrslit í keppninni:

Fundargerð 9. fundar stjórnar SSÍ 2011-2013 miðvikudaginn 12. október 2011

1. FINA stig sundfólksins úr öllum mótum lögð saman og það félag sem flest stig hlýtur fær titilinn Íslandsmeistari félaga í karla eða kvennaflokki
2. Hver sundmaður sem er stigahæstur samkvæmt FINA stigum tekur tvö stig fyrir sitt félag en sá sem er næsthæstur í stigum samkvæmt FINA stigum tekur eitt stig. Stigin úr öllum mótum lögð saman og það félag sem flest stig hlýtur fær titilinn Íslandsmeistari félaga í karla eða kvennaflokki
3. Öll lið sem taka þátt í móti fá eitt stig. Það lið sem á stigahæsta sundmanninn samkvæmt FINA stigum fær að auki þrjú stig og það lið sem á næststigahæsta sundmanninn samkvæmt FINA fær tvö stig að auki. Stigin úr öllum mótum lögð saman og það félag sem flest stig hlýtur fær titilinn Íslandsmeistari félaga í karla eða kvennaflokki

Samþykkt stefna SSÍ til kynningar fyrir félög og þjálfara og til nánari útfærslu

VII. Tillögur um ÍM25

- i. Illa gengur að fá fólk til starfa á mótum SSÍ – áréttu þarf við félögin að skila fólk til starfa á mótum

Stjórn SSÍ mun beita sektarákvæðum gagnvart félögum uppfylli þau ekki starfsmannakvóta sinn

- ii. Tillaga um að Ingi Þór Ágústsson og Gústaf Adólf Hjaltason verði settir mótstjórar á ÍM25

Samþykkt

VIII. Tillaga um mótstjóra á NMU

- i. Tillaga að Ingi Þór Ágústsson og Gústaf Adólf Hjaltason verði mótstjórar á NMU

Samþykkt

IX. Tillaga um stofnun Samtaka aðstandenda sundfólks í landsliðum

- i. Tillaga að Gústaf Adólf Hjaltason verði fenginn í það verkefni

Samþykkt

X. Tillaga um breytingu á reglugerð 5. grein – Sundmót SSÍ

- i. Ólafur kynnir hana

Frestað

XI. Tillaga um breytingu á reglugerð 6. grein – Umsókn um mót

- i. Ólafur kynnir hana

Samþykkt

XII. Tillaga um breytingu á reglugerð 18. grein – Skýrslur

- i. Ólafur kynnir hana

Samþykkt

XIII. Tillaga um breytingu á reglugerð 15. grein – Yfirdómnefnd móts

- i. Ólafur kynnir hana

Samþykkt

XIV. Tillaga um dómarnámskeið

- i. Ólafur kynnir hana

Stjórn SSÍ samþykkir að halda dómarnámskeið á reglubundinn hátt og eftir þörfum. Stjórn felur DMT að halda námskeið í samræmi við það.

XV. Tillaga um dómaraalista

- i. Ólafur kynnir hana

**Fundargerð 9. fundar stjórnar SSÍ 2011-2013
miðvikudaginn 12. október 2011**

Stjórn SSÍ samþykkir að fela DMT að ganga frá dómaraalista sundársins 2011-2012 og senda á skrifstofustjóra SSÍ til birtingar

- XVI. Tillögur um breytingu á reglugerð VIII. kafli – Dómararéttindi**
i. Ólafur kynnir þær

Samþykkt

- XVII. Tillaga um val á dómara ársins**
i. Ólafur kynnir hana

Samþykkt

- XVIII. Tillaga um val fyrir viðurkenningar á Uppskeruhátíð SSÍ**
i. Formaður kynnir hana

Samþykkt

7. Samningar

I. Staðan gagnvart sundfólki

Framkvæmdaráði og skrifstofustjóra falið að ganga frá því sem útaf stendur og kalla eftir áætlunum sundfólksins.

II. Samstarfssamningur við Landsvirkjun

Skrifað verður undir samstarfssamning á næstu vikum

III. Samningar um bifreiðina JJ-441

Búið að ganga frá málum við Íslandsbanka og bílnum verður skilað fyrir helgi.

8. Fjáröflun – Umsóknir í sjóði

- I. Áætlun um fjáröflun**
II. Afrekssjóður
III. Sjóður ungra og sérstaklega efnilegra íþróttamanna
IV. Afrekskvennasjóður
V. Framkvæmdastjóra UMSK verður boðið í appelsín til stjórnar SSÍ

9. Önnur mál

- I. Málefni starfsmanna**
II. Kveðja frá Akureyri og óskað eftir áframhaldandi góðu samstarfi
III. Óformleg umsókn um AMÍ 2013 frá Óðni – félagið hvatt til að senda formlega umsókn um mótið hið fyrsta. Stefna SSÍ er að fara með AMÍ sem víðast um landið.
IV. Umræða um rétt sundfólks sem ekki eru íslenskir ríkisborgarar.
V. Umræða um met og ferli til staðfestingar meta.
VI. Umræða um þjálfaranámskeið – kynning verður send út fyrir félögin um Leonardo námskeiðið sem fer af stað í nóvember.
VII. Umræða um dómaranámskeið í Sundknattleik.

Fundi slitið kl. 19:47